



Alþingi

Kirkjustræti
150 Reykjavík

Reykjavík, 20.02.2015
1502272 MDB

Efni: 455. mál til umsagnar frá nefndasviði Alþingis - Umsögn Samgöngustofu við frumvarp til laga um náttúrupassa.

Athugasemdir Samgöngustofu við tilvísað lagafrumvarp lúta að öryggismálum ferðamanna.

Tilgangur hins tilvísaða frumvarps er meðal annars að auka og styðja við öryggi ferðamanna. Þannig kemur fram í 1. gr. frumvarpsins að markmið laganna sé að stuðla að verndun náttúru Íslands með nauðsynlegri uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða svo og að styðja við málefni er tengjast öryggismálum ferðamanna. Meðal þess sem kemur fram í almennum athugasemdum við frumvarpið er að hagur ferðamanna af náttúrupassa sé m.a. bætt öryggi á ferðalagi og meiri upplifun.

Af frumvarpinu verður ráðið að fyrst og fremst sé lítið til öryggis á ferðamannastöðum þó ekki sé það alveg ótvírætt. Enn fremur er rétt að áréttta að orðasamböndin „öryggi á ferðamannastöðum“ og „öryggi á ferðalagi“ taka til ýmissa þátta að því er varðar samgönguöryggi. Til skýringar má vísa til þeirrar skilgreiningar á hugtakinu „ferðamannasvæði“ að um sé að ræða ákveðið skilgreint svæði í íslenskri náttúru sem ferðamenn sækja vegna náttúru og sögu og tekur til eins ferðamannastaðar. Það er því ljóst að hér gætu til dæmis átt við skemmtisiglingar á lönunum og vötnum, ferðir á jeppum, hópferðabifreiðum eða öðrum ökutækjum eða útsýnisflug. Samgöngustofa annast eftirlit með lögum og reglum sem varða framangreinda ferðamáta. Fer Samgöngustofa meðal annars með leyfisveitingar til fjölda ferðaþjónustufyrirtækja og ber ábyrgð á öryggisáætlunum í samgöngum. Nefna má að í öryggisáætlunardeild stofnunarinnar er unnið að flugöryggisáætlun, umferðaröryggisáætlun og áætlun um öryggi sjófarenda. Skráning og greining atvika- og slysagagna fer fram í deildinni sem síðar skilar sé í tölfraðilegum gögnum og greiningum sem nýtist við stefnumótun og ákvarðanatöku í samgöngumálum.

Í ákvæði 5. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um fagråd um öryggismál ferðamanna. Þar kemur fram að fagråd um öryggismál ferðamanna sé skipað af ráðherra og í fagráðinu sitji fulltrúar frá Ferðamálastofu, Umhverfisstofnun, ríkislögreglustjóra, Vegagerðarinnar, Slysavarnarfélagssins Landsbjörgu og Félagi leiðsögumanna. Hlutverk fagráðsins sé að fjalla um málefni er varða öryggi ferðamanna á Íslandi.



Samgöngustofa telur rétt, í ljósi hlutverks stofnunarinnar, að Samgöngustofa tilnefni einn aðila í fagráð um öryggismál ferðamanna enda er samgönguöryggi lykilþáttur í öryggi ferðamanna sem notendur samgöngukerfa.

Þá ber einnig að nefna að Samgöngustofa á aðild að ýmsum fagráðum sem starfa á sviði samgangna. Má þar nefna fagráð um siglingar, fagráð um umferðarmál og fagráð um flugmál. Verkefni fagráðs um öryggismál ferðamanna gætu skarast við þau fagráð sem nú þegar starfa á sviði samgangna.

Virðingarfyllst, fh. Samgöngustofu

Halla Sigrún Sígurðardóttir
Frákvæmdasjóri samhæfingarsviðs

Magnús D Baldursson
Lögfræðingur